

Skólaráðsfundur 30. janúar 2015

Mættir allir fulltrúar nema Gróa sem boðaði forföll og Hlynur fulltrúi foreldra.

1. Samræmd próf.

Annelise kynnti nðurstöðurnar.

Skólinn bindur miklar vonir við Byrjendalæsi sem er á öðru ári í innleiðingaferlinu núna.

Óskar taldi rétt að athuga hvað bestu skólarnir eru að gera. Við höfum Skólapúlsinn og höfum haft samband við skóla sem hafa staðið sig best í stærðfræði. Höfum tekið upp lotukerfi í stærðfræðinni og erum að mynda okkur lestrarstefnu.

Annelise fór yfir lesturinn, hvað við erum lögð af stað með. Þetta er samvinnuverkefni foreldra og skóla. Bergljót ræddi um innleiðingu á framhaldinu af Byrjendalæsi, Orð af orði.

Nemendur tjáðu skoðun sína á nýja einkunnarkerfinu A, B, C, D í samræmdum prófum í 10. bekk Kristín Ásta fór yfir hvernig verið er að vinna með eldri nemendur varðandi lesturinn.

Umræður í framhaldinu um hvað er hægt að gera og hvernig á að byggja upp metnað gagnvart samræmdu prófunum.

2. Nemendur töluðu um það sem er framundan í nemendafélaginu. Eightýsball búið og

Öskudagsball framundan en það verður haldið sameiginlegt með Lágafelli og Bólinu.

Nemendur telja 7. bekk dónalegan við eldri nemendur. Þau eru neikvæð gagnvart öllum skemmtunum og á móti 10. bekk.

3. Skóladagatal 2014-2015 kynnt. Langt vetrarfrí á haustönn, en ekki vetrarfrí á vorönn. Samþykkt af hálfu Skólaráðs.

4. Skólaráðið fór og skoðaði eldhúsið, nýju flæðilínuna, nýja ofninn og salatbarinn. Gengið um skólann og skoðað.

5. Önnur mál.

a. Skólaþing í mars.

b. Spurning hvort að foreldrafélagið og nemendur geta komið að þinginu

c. Gott að fá fram hugmyndir um hvað ætti að vera á þinginu.

d. Spurning hvort að foreldrafélagið getur komið með viðurkenningar gagnvart ákveðnum hópum í skólasamfélaginu. Einhvers konar uppskeruhátíð.

e. Ákveðið að senda hugmyndir á milli, þar sem miklu skiptir að þingið verði áhugavert.

Fundi slitið kl. 15.00

Fundarritari var Þórhildur Elfarsdóttir